

## Hrönn Jónsdóttir

---

**From:** Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
**Sent:** föstudagur, 20. maí 2022 14:29  
**To:** Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
**Subject:** FW: Landsþing og landsþingsfulltrúar  
**Attachments:** Kjör landsþingsfulltrúa 2022-2026.pdf; Landsþingsfulltrúar 2022-2026.pdf; Kjörbréf sambandsins - form 2022.doc

**Categories:** GoPro: Skjalað undir 202205-0020 - Landsþing SÍS 2022 - Í vinnslu (mál)

Þessi á að fara á fyrsta fund nýrrar sveitarstjórnar

---

**From:** Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>  
**Sent:** föstudagur, 6. maí 2022 15:32  
**To:** Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>  
**Subject:** Landsþing og landsþingsfulltrúar

### Til allra sveitarfélaga,

Dagana 28.-30. september 2022 verður landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Akureyri.

Öll sveitarfélög sem eiga aðild að sambandinu eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi 1. janúar 2022, sbr. ákvæði 5. gr. samþykktu sambandsins. Í viðhengi má finna upplýsingar um fjölda landsþingsfulltrúa sveitarfélaga.

Þá eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Mikilvægt er að sveitarfélög tilnefni landsþingsfulltrúa á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og því biðjum við ykkur um að tryggja að meðfylgjandi erindi verði lagt fyrir á þeim fundi. Að þeim fundi loknum þarf að senda kjörbréf, sem einnig er fyrirmynd af í viðhengi, á sambandið. Þetta þarf að gerast í síðasta lagi 15. júlí 2022 ef fulltrúar frá ykkar sveitarfélagi ætla að taka þátt í kjöri á formanni sambandsins sem mun fara fram rafrænt í sumar.

Á næstu dögum og vikum mun sambandið senda ykkur ítarlegri upplýsingar um þingið, t.d. varðandi herbergisbókanir, en búið er að taka frá gistingu á Akureyri. Nánari upplýsingar veitir Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, í síma 515-4915 eða [valur.rafn.halldorsson@samband.is](mailto:valur.rafn.halldorsson@samband.is).

Kv. Valur Rafn

*Með kveðju / best regards*

VALUR RAFN HALLDÓRSSON  
SVIÐSSTJÓRI / DIRECTOR

rekstrar- og útgáfusvið / secretariat and communication



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA  
ICELANDIC ASSOCIATION OF LOCAL AUTHORITIES  
DET ISLANDSKE KOMMUNEFORBUND

Borgartún 30 | Pósthólf 8100 | 128 REYKJAVÍK | Sími 515 4915 | 868 1895  
[www.samband.is](http://www.samband.is) | [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og